



Gróðurfar og fuglar á fyrirhugaðri hitaveitulögn milli Blönduóss og Skagastrandar

Starri Heiðmarsson og Þórdís V. Bragadóttir

Unnið fyrir RARIK



Gróðurfar og fuglar á fyrirhugaðri hitaveitulögn milli Blönduóss og Skagastrandar

Starri Heiðmarsson og Þórdís V. Bragadóttir

Unnið fyrir Rarik

NÍ-08010

Akureyri, nóvember 2008



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Mynd á kápu: Refasveit. Ljósmynd. Starri Heiðmarsson.

ISSN 1670-0120

	Hlemmi 3 105 Reykjavík Sími 590 0500 Fax 590 0595 http://www.ni.is ni@ni.is	Borgum við Norðurslóð 600 Akureyri Sími 460 0500 Fax 460 0501 http://www.ni.is nia@ni.is
Skýrsla nr. NÍ-08010	Mán., Ár Nóvember 2008	Dreifing <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Gróðurfar og fuglar á fyrirhugaðri hitaveitulögn á milli Blönduóss og Skagastrandar		Upplag 30 Fjöldi síðna 15
Höfundar Starri Heiðmarsson og Þórdís V. Bragadóttir		Verknúmer A081110 Málsnúmer
Unnið fyrir Rarik		
Samvinnuaðilar Náttúrustofa Norðurlands Vestra		
Útdráttur <p>Gróðurfar og fuglalíf var kannað á væntanlegu lagnarstæði hitaveitu milli Blönduóss og Skagastrandar. Rannsóknin fór það seint fram að ekki reyndist unnt að meta varpþéttleika fugla en skráðir voru líklegir varpfuglar. Könnuð var tegundafjölbreytni háplantna og helstu gróðurlendi. Stór hluti lagnarinnar mun liggja í vegakanti í röskuðu umhverfi en einnig mun lögnin liggja yfir mólendi, graslendi og deiglendi. Engar sjaldgæfar tegundir fundust né sjaldgæf eða verðmæt gróðurlendi.</p> <p>Einnig er greint frá niðurstöðum könnunar á gróðri og fuglum á samsvarandi lagnarstæði vegna endurnýjunar hitaveitulagnar milli Reykja og Blönduóss. Þar var fyrri lögn fylgt og lagnarstæðið því þegar raskað. Engar sjaldgæfar tegundir fundust og áhrifin álitin lítil á fuglalíf.</p>		
Lykilorð Austur-Húnavatnssýsla, tegundafjölbreytni, háplöntur, fuglar		Yfirfarið BB

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	5
2 RANNSÓKNARSVÆÐI	5
3 AÐFERÐIR	5
3.1 Tegundafjölbreytni háplantna	5
3.2. Fuglalíf	8
4 NIÐURSTÖÐUR	8
4.1 Gróður milli Blönduóss og Skagastrandar	8
4.2. Fuglalíf milli Blönduóss og Skagastrandar	8
4.3. Gróður milli Reykja og Blönduóss	10
4.3. Fuglalíf milli Reykja og Blönduóss	10
5 UMRÆÐUR	11
6 HEIMILDIR	12
MYNDIR	
1. mynd. Yfirlitskort af ætluðu lagnarstæði milli Blönduóss og Skagastrandar. Tölurnar 1-15 gefa til kynna svæðisskiptingu vegna skráningar háplantna sbr. 1. viðauka	7
VIÐAUKAR	
1. Viðauki. Háplöntur og útbreiðsla þeirra á áhrifasvæði hitaveitulagnar milli Blönduóss og Skagastrandar	12
TÖFLUR	
1. tafla. Algengniflokkun tegunda þróuð á Náttúrufræðistofnun Íslands	6
2. tafla. Fuglategundir sem sáust á athugunarsvæðunum milli Blönduóss og Skagastrandar þann 2. júlí 2008	9
3. tafla. Fuglategundir sem sáust á svæðum sem tengingar heim að bæjum liggja um þann 2. júlí 2008	10
4. tafla. Fuglategundir sem sáust við fyrirhugaða leið hitaveitulagnar milli Reykja og Blönduóss þann 21. maí 2007	11

1 INNGANGUR

Vegna áætlana um endurnýjun á hitaveitulögn frá Reykjum að Blönduósi og nýlagningu frá Blönduósi að Skagaströnd fór Rarik þess á leit við Náttúrufræðistofnun Íslands að könnuð yrði tegundafjölbreytni háplantna og fugla á áhrifasvæði lagnarinnar. Lagnarstæðið milli Reykja og Blönduóss var kannað 18. maí 2007 og var stuttri greinargerð um það skilað 21. maí sama ár. Svæðið milli Blönduóss og Skagastrandar var hins vegar kannað 2. júlí 2008 auk þess sem gróðurfarið var kannað ítarlegar 22. ágúst 2008.

2 RANNSÓKNARSVÆÐI

Endurnýjun hitaveitulagnarinnar milli Reykja og Blönduóss fylgir gömlu lögninni. Áætluð lögn frá Blönduósi til Skagastrandar liggur rétt ofan gömlu steypustöðvarinnar og yfir tún áður en hún kemur upp að Neðribyggðarvegi rétt norðan Blöndubakka. Síðan liggur lögnin meðfram Neðribyggðarvegi framhjá Bakkakoti, Svagrund, Ömmuhúsi og Sölvabakka og langleiðina upp á Skagastrandarveg en sveigir þar til norðurs í stefnu á gamla brúarstæðið yfir Laxá á Refasveit. Norðan árinna liggur lögnin rétt austan tjarnar neðan Syðrihóls og að Skagastrandarvegi u.þ.b. miðja vegu milli Höskuldsstaða og Syðrihóls. Þaðan fylgir lögnin Skagastrandarvegi framhjá Höskuldsstöðum, Ytriólshólunum, Syðriey, Eyjarkoti, Ytriyei og Hafursstöðum þar sem lögnin sveigir frá veginum og tekur nokkuð beina stefnu á Skagaströnd þó með sveigju neðan Vindhælis.

Einnig er gert ráð fyrir tengingu flestra bæja á leiðinni og var gróðurfar og fuglalíf kannað lauslega á flestum þeirra tenginga. Yfirlitskort þar sem merkt eru inn helstu svæði vegna skráningar háplantna má sjá á 1. mynd en vísað er til talnanna í niðurstödukaflanum.

3 AÐFERÐIR

Vettvangsvinna var unnin af Starra Heiðmarssyni og Þórdísi V. Bragadóttur 21. maí 2007 og 2. júlí 2008. Starri kannaði gróðurfarið svo ítarlegar 22. ágúst 2008.

3.1 Tegundafjölbreytni háplantna

Tegundafjölbreytni háplantna var skráð sem og gróðurlendi. Latnesk og íslensk heiti eru samkvæmt íslensku plöntutali (Hörður Kristinsson 2008). Algengni einstakra tegunda er gefin upp samkvæmt algengniflokkun sem þróuð hefur verið á Náttúrufræðistofnun Íslands (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2001). Þar er tekið tillit til útbreiðslu tegundarinnar á landsvísu og tíðni hennar, þ.e. hversu algengar þær eru á landinu. Í báðum tilfellum er valið milli þriggja kosta. Hvað útbreiðslu varðar var skoðað hvort viðkomandi tegund er:

- útbreidd um allt landið þar sem kjörlendi er að finna
- fundin víða á landinu þó ekki alls staðar þótt kjörlendi sé til staðar
- fundin á fáum stöðum.


Mat á tíðni er alfarið byggt á þekkingu sérfræðinga á Náttúrufræðistofnun Íslands. Þrjú stig tíðni eru gefin:

- yfirleitt í miklum mæli, þ.e. einstaklingafjöldi/þekja mikil á útbreiðslusvæðinu stundum þó mun fáliðaðri t.d. á hálendi en láglandi eða öfugt
- yfirleitt í nokkrum mæli á útbreiðslusvæðinu
- yfirleitt í litlum mæli á útbreiðslusvæðinu.

Tákn og skýringar á einstökum flokkum má sjá í 1. töflu.

1. tafla. Algengniflokkun tegunda þróuð á Náttúrufræðistofnun Íslands.

Skýringar	Tákn
Finnst víðast hvar – Yfirleitt í miklum mæli	■ ■ ■ □ □ □
Finnst víðast hvar – Yfirleitt í nokkrum mæli	■ ■ ■ □ □
Finnst víðast hvar – Yfirleitt í litlum mæli	■ ■ ■ □
Finnst nokkuð víða – Yfirleitt í miklum mæli	■ ■ □ □ □
Finnst nokkuð víða – Yfirleitt í nokkrum mæli	■ ■ □ □
Finnst nokkuð víða – Yfirleitt í litlum mæli	■ ■ □
Fáir fundarstaðir – Yfirleitt í miklum mæli	■ □ □ □
Fáir fundarstaðir – Yfirleitt í nokkrum mæli	■ □ □
Fáir fundarstaðir – Yfirleitt í litlum mæli	■ □



1. mynd. Yfirlitskort af ætluðu lagnarstæði milli Blönduóss og Skagastrandar. Tölurnar 1-15 gefa til kynna svæðisskiptingu vegna skráningar háplantna sbr. 1. viðauka. Kort: Anette Th. Meier.

3.2. Fuglalíf

Ákvörðun um könnun á fuglalífi svæðanna var tekin það seint að ekki reyndist unnt að meta varppéttleika mófugla með fullnægjandi hætti. Æskilegt er að varppéttleiki mófugla sé metin á tímabilinu 25. maí til 15. júní þegar varp er í hámarki og varpatferli og óðalshegðun hvað sýnilegst. Af þeim sökum er einungis um athugun á tegundafjölbreytni að ræða.

Athuganir fóru þannig fram að gengið var meðfram fyrirhugaðri leið lagnarinnar milli Blönduóss og Skagastrandar. Þeir fuglar sem sáust voru skráðir niður og atferli metið. Þar sem leiðin fylgir vegi eða fer yfir tún var ekki talin ástæða til að skoða svæðin sérstaklega þar sem fuglalífið á þeim slóðum er nú þegar undir áhrifum af umsvifum mannsins. Sömu aðferð var beitt þegar athuganir fóru fram á leið lagnarinnar milli Blönduóss og Reykja.

4 NIÐURSTÖÐUR

4.1 Gróður milli Blönduóss og Skagastrandar

Alls fundust 105 tegundir háplantna. 2. tafla sýnir hvar tegundir fundust og í 1. viðauka er listi yfir allar tegundir sem fundust. Engar tegundir á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996) fundust né sjaldgæfar tegundir. Eina tegundin með takmarkaða útbreiðslu er slæðingurinn engjamunablóm sem fannst við læk í litlu dalverpi norðan Neðribyggðarvegar.

Frá Skagaströnd (1) liggur lögnin yfir Hrafná, fyrsti hluti leiðarinnar er um graslendi en síðan tekur við lyngmói og hálfdeigja með grös og starir. Neðan Vindhælis er yfir ræstar mýrar að fara og að hluta ræktuð tún. Við Hallá (2) er deig- til votlendi. Norður frá Hallá (3) tekur við deiglendi með mýrastör og mýrelftingu sem skiptir yfir í graslendi og fer loks yfir mel sem er u.þ.b. 50% gróinn. Að Höskuldsstöðum fylgir lögnin veginum, ýmist heimreiðinni (og um leið gamla veginum) að Hafursstöðum eða Skagastrandarvegi. Heimtaug að Kambkoti (4) fer beina leið að bænum og fylgir því heimreiðinni síðari hluta leiðarinnar en fer fyrst yfir hálfdeigt graslendi en ofar yfir snjóðældir þar sem m.a. má finna aðalbláberjalyng. Frá Höskuldsstöðum (5) er lögnin ráðgerð meðfram Skagastrandarvegi þar til vegurinn sveigir til austurs yfir uppgræddan mel en þá heldur lögnin áfram og liggur rétt austan tjarnar neðan Syðrihóls (6). Við tjörnina er votlendi, mjög grasgefið. Norðan Laxár liggur lögnin yfir uppgræddan mel (7) en næst Laxá (8) eru grasbrekkur með blómplöntum. Sunnan Laxár tekur við uppgræðsla (9) sem ólíkt uppgræðslusvæðunum norðan árinna hefur ekki verið grætt upp með moði og skít heldur sáningu og áburðargjöf. Síðan tekur við lítið dalverpi (10) með graslendi og deiglendi að hluta. Lítill lækur rennur eftir dalverpinu og við hann fannst engjamunablóm. Áður en kemur að Neðribyggðarvegi er lögnin áætluð yfir mel (11) en fylgir síðan að mestu veginum að Blönduósi. Við Sölvabakka (12) er áætlað að lögnin liggja yfir votlendi suðvestan vegarins. Milli Bakkakots og Blöndubakka (13) er lögnin áætluð meðfram veginum en þar skiptast á lyngmóar og flagkenndir melar. Frá Blöndubakka að Blönduósi er lögnin svo áætluð yfir svipað land sem og tún. Milli Lækjardals og Kúfskerpis (14) liggur áætluð lögn yfir vel gróna mela, lyngmóa og graslendi. Milli Neðrimýra og Njálstaða (15) á lögnin að liggja yfir Laxá.

4.2. Fuglalíf milli Blönduóss og Skagastrandar

Alls sáust 19 tegundir fugla á meðan athuganir stóðu yfir (2. tafla). Að auki heyrðist í hrossagauk á einu svæðinu. Varp var staðfest hjá tveimur tegundum, lóm og stelk, en ungar þessara tegunda sáust á svæðinu milli Laxár og tjarnar neðan við Syðrihól.

Á einstökum svæðum voru jaðrakan, spói og þúfutittlingur algengustu tegundirnar á milli Skagastrandar og Vindhæls. Milli Hallár og Hafurstaða voru lóupræll, spói og grágæs algengastar. Milli tjarnar neðan við Syðrihól og Laxár var stelkur algengastur. Milli Laxár og vegarins í Neðribyggð var fuglalíf mjög fábreytilegt og voru að sjást 1-2 fuglar af hverri tegund.

2. tafla. Fuglategundir sem sást á athugunarsvæðunum milli Blönduóss og Skagastrandar þann 2. júlí 2008.

Íslensk heiti	Latnesk heiti	Skagaströnd- Vindhæli	Hallá- Hafurstaðir	Tjörn við Syðrihól- Laxá	Laxá-Neðri byggð
Lómur	<i>Gavia stellata</i>			X	
Himbrimi	<i>Gavia immer</i>			X	
Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>				X
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>			X	X
Grágæs	<i>Anser anser</i>		X		
ógr. buslönd	<i>Anas sp.</i>			X	
Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>	X		X	
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>			X	X
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	X	X	X	
Lóupræll	<i>Calidris alpina</i>		X	X	
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	X	X	X	X
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	X	X	X	
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	X		X	X
Kjóí	<i>Stercorarius parasiticus</i>	X	X		
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>		X	X	
Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>	X	X		
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>			X	
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>			X	
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	X	X	X	X
Maríuerla	<i>Motacilla alba</i>			X	

Við athuganir á svæðum sem áætlað var að tengingar heim að bæjum lægju um sást 7 tegundir fugla (3. tafla). Voru þetta sömu tegundir og sást við fyrirhugaða leið lagnarinnar milli Blönduóss og Skagastrandar nema hvað sandlóa bættist við. Átti það líka við um tegundir sem sást ekki en heyrðist í. Varp var staðfest hjá einni tegund, stelk, á svæðinu við Laxá milli Njálstaða og Neðrimýrar en einn ungi sást á svæðinu. Fáir fuglar sást af hverri tegund en algengastar voru kría, spói og stelkur.

3. tafla. Fuglategundir sem sáust á svæðum sem tengingar heim að bæjum liggja um þann 2. júlí 2008.

Íslensk heiti	Latnesk heiti	Kambakot	Lækjardalur- Kúskerpi	Njálstaðir- Neðrimýri
Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>	X		
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	X		
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>			X
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	X	X	X
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	X		X
Kría	<i>Stercorarius parasiticus</i>			X
Þúfuttlingur	<i>Anthus pratensis</i>		X	

4.3. Gróður milli Reykja og Blönduóss

Gróðurfar á áhrifasvæði hitaveitulagnarinnar ber svip af beit, framræslu og áburðaráhrifum. Þannig liggja tæpir 2 km leiðarinnar um tún, ýmist í rækt eða gömul tún. Graslendi er annars mjög áberandi gróðurlendi, bæði gróðurfélögin H1 (grös) og H3 (grös með smárunnum) sem þekja rúma 9 km af leiðinni sem er u.þ.b. 64% leiðarinnar. Einungis um 2 km leiðarinnar liggja um gróðurlendið lyngmóa, nánar tiltekið gróðurfélagið B8 (lyngmóar með sortulyngi, krækilyngi og fjalldrapa). Á nokkrum stöðum er grunnvatnsstaða nokkuð há þannig að inn komu mýrartegundir eins og klófifa og tjarnarstör en sakir framræslu og sérstaklega skurðar sem grafinn var í tengslum við lagningu gömlu hitaveitulagnarinnar flokkast þetta frekar sem deiglendi en mýri. Gróðurfar innan hvers gróðurlendis er nokkuð einsleitt og ekki mikil tegundafjölbreytni til staðar.

4.3. Fuglalíf milli Reykja og Blönduóss

Alls sáust 15 tegundir fugla (4. tafla). Varp var staðfest hjá 1 tegund, hrossagauk, en hreiður með 4 eggjum fannst í skurðbarmi við núverandi lögn.

4. tafla. Fuglategundir sem sáust við fyrirhugaða leið hitaveitulagnar milli Reykja og Blönduóss þann 21. maí 2007.

Íslensk heiti	Latnesk heiti
Grágæs	<i>Anser anser</i>
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>
Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>
Kjói	<i>Stercorarius parasiticus</i>
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>
Þúfuttlingur	<i>Anthus pratensis</i>
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>
Hrafn	<i>Corvus corax</i>

5 UMRÆÐUR

Gróður

Fyrirhugað er að lögnin milli Blönduóss og Skagastrandar liggja að stórum hluta meðfram Skagastrandarvegi og Neðribyggðarvegi. Engar sjaldgæfar tegundir fundust og á allstórum hluta mun lögnin liggja um þegar raskað svæði s.s. í vegkanti eða þar sem skurðir hafa verið grafnir. Sama má segja um endurnýjun lagnarinnar milli Reykja og Blönduóss en þar var gömlu lögninni fylgt og svæðið því þegar raskað.

Fuglar

Við fyrirhugaða leið hitaveitulagnarinnar milli Blönduóss og Skagastrandar sást ein tegund sem er á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Það er grágæsin og er hún talin í yfirvofandi hættu vegna fækkunar í stofni hennar hér á landi undanfarin ár. Við leið fyrirhugaðrar lagnar milli Blönduóss og Reykja sáust þrjár tegundir sem eru á válistanum. Grágæs og hrafn eru taldar vera í yfirvofandi hættu vegna fækkunar í stofni þeirra hér á landi. Straumönd er aftur á móti talin í nokkurri hættu en Ísland er eina landið innan Evrópu þar sem hún verpir og er hún því háð vernd (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000).

Þrátt fyrir að ekki hafi tekist að staðfesta varp hjá fleiri tegundum en þeim sem sáust með unga, á svæðinu milli Blönduóss og Skagastrandar, er líklegt að stór hluti þeirra tegunda sem sáust verpi við fyrirhugaða leið lagnarinnar eða í næsta nágrenni hennar. Engin ummerki sáust þó um kríuvarp.

Eitt vatn er við fyrirhugaða leið lagnarinnar, neðan við Syðrihól, og kemur lögnin til með að liggja skammt frá bökkum þess. Að sögn bóndans á Syðrihóli hafa ýmsar andategundir sést á vatninu. Þá hafa álfir komið þar upp ungum þó það hafi ekki gerst 2008. Þar sem ekki verður hróflað við vatninu og svæðið sem lögnin fer um næst vatninu er tún er ekki talið

líklegt að framkvæmdirnar hafi mikil áhrif á fuglalíf vatnsins. Gæsir sem leita í túnin við vatnið til fæðuöflunar, á vorin og haustin, gætu þó orðið fyrir truflunum ef framkvæmdir eiga sér stað á þeim árstíma. Kemur það ekki að sök þar sem hentug svæði til fæðuöflunar eru víða í nágrenninu fyrir þær.

Fuglalíf á svæðinu telst ekki einstakt og ber keim af svæðum í kring. Nokkuð rót fylgir framkvæmdunum við lagningu lagnanna en ekki er gert ráð fyrir að stór búsvæði tapist til lengdar við framkvæmdina og áhrif á fuglalíf svæðisins er því í lágmarki. Ættu fuglarnir að geta nýtt svæðin sem fara undir lagnirnar áfram í óbreyttri mynd að framkvæmdum loknum, að því gefnu að nýju lagnirnar verði betur einangraðar en núverandi lögn milli Reykja og Blönduóss. Sú lögn var ekki einangruð og hefur varmi sem tapast frá henni haft áhrif á vöxt gróðurs yfir henni sem hefur leitt til ásóknar gæsa sem hafa nýtt sér gróðurinn til fæðuöflunar.

6 HEIMILDIR

Hörður Kristinsson 2008. Íslenskt plöntutal. Blómplöntur og byrkningar. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Nr. 51: 1-58.

Sigurður H. Magnússon, Erling Ólafsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Guðmundur Guðjónsson, Kristbjörn Egilsson, Hörður Kristinsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2001. Kárahnjúkavirkjun. Áhrif Háslóns á gróður, smádýr og fugla. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-01004. 231 bls.

Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1, Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík. 82 bls.

Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. Válisti 2, Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík. 103 bls.

1. viðauki. Háplöntur og útbreiðsla þeirra á áhrifasvæði hitaveitulagnar milli Blönduóss og Skagastrandar.

Latneskt heiti	Íslenskt heiti	algengni	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
<i>Achillea millefolium</i>	vallhumall	■■■■□□							x	x		x		x			
<i>Agrostis capillaris</i>	hálingresi	■■■■□□	x					x	x			x		x			
<i>Agrostis vinealis</i>	týtulingresi	■■■■□□	x			x	x			x			x	x			
<i>Alchemilla alpina</i>	ljónslappi	■■■■□□	x	x	x	x	x		x	x		x		x			x
<i>Alchemilla vulgaris</i>	mariustakkur	■■■■□□		x	x	x		x		x		x				x	
<i>Alopecurus aequalis</i>	vatnsliðagras	■■■■□□						x						x			
<i>Alopecurus pratensis</i>	háliðagras	■■■■□□	x														
<i>Anthoxanthum odoratum</i>	ilmreyr	■■■■□□	x		x	x	x	x	x	x		x		x		x	x
<i>Argentina anserina</i>	tágamura	■■■■□□						x									
<i>Armeria maritima</i>	geldingahnappur	■■■■□□	x		x				x	x				x	x	x	
<i>Bartsia alpina</i>	smjörgras	■■■■□□	x		x											x	
<i>Betula nana</i>	fjalldrapi	■■■■□□	x		x					x					x	x	
<i>Bistorta vivipara</i>	kornsúra	■■■■□□	x	x	x	x	x	x		x		x		x	x	x	
<i>Botrychium lunaria</i>	tungljurt	■■■■□□			x					x							x
<i>Caltha palustris</i>	hófsóley	■■■■□□						x				x					
<i>Cardamine pratense</i>	hrafnaklukka	■■■■□□	x		x	x						x	x			x	
<i>Carex bigelowii</i>	stinnastör	■■■■□□	x		x				x	x		x		x	x	x	
<i>Carex canescens</i>	blátoppastör	■■■■□□	x														
<i>Carex capillaris</i>	hárleggjastör	■■■■□□	x	x													
<i>Carex chordorrhiza</i>	vetrarkvíðastör	■■■■□□	x			x											
<i>Carex lyngbyei</i>	gulstör	■■■■□□		x								x					
<i>Carex nigra</i>	mýrastör	■■■■□□	x		x	x		x				x					
<i>Carex panicea</i>	belgjastör	■■■■□□	x		x		x	x	x	x		x				x	x
<i>Carex saxatilis</i>	hrafkastör	■■■■□□	x	x													
<i>Carex vaginata</i>	slíðrastör	■■■■□□										x			x		
<i>Cerastium alpinum</i>	músareyra	■■■■□□	x		x					x				x	x		
<i>Cerastium fontanum</i>	vegarfi	■■■■□□	x		x	x	x	x		x		x		x	x	x	x
<i>Coeloglossum viride</i>	barnarót	■■■■□□	x		x		x	x		x		x		x	x	x	
<i>Comarum palustre</i>	engjarós	■■■■□□	x		x	x		x				x		x			
<i>Deschampsia alpina</i>	fjallapuntur	■■■■□□			x												
<i>Deschampsia cespitosa</i>	snarrótarpuntur	■■■■□□	x	x	x	x	x	x	x	x		x		x	x	x	x
<i>Draba incana</i>	grávorblóm	■■■■□□	x				x		x								
<i>Dryas octopetala</i>	holtasóley	■■■■□□	x		x	x	x		x	x					x	x	x
<i>Empetrum nigrum</i>	krækilyng	■■■■□□	x		x	x	x	x	x	x		x		x	x	x	
<i>Epilobium alsinifolium</i>	lindadúnurt	■■■■□□										x					
<i>Epilobium palustre</i>	mýradúnurt	■■■■□□										x					
<i>Equisetum arvense</i>	klóelfting	■■■■□□		x	x					x		x	x	x		x	x
<i>Equisetum palustre</i>	mýrelfting	■■■■□□	x		x	x						x					
<i>Equisetum pratense</i>	vallelfting	■■■■□□			x		x		x	x				x	x	x	
<i>Equisetum variegatum</i>	beitieski	■■■■□□										x					
<i>Erigeron borealis</i>	jakobsfífill	■■■■□□	x				x			x		x		x			
<i>Eriophorum angustifolium</i>	klófifa	■■■■□□	x	x	x	x						x					
<i>Eriophorum scheuchzeri</i>	hrafnafífa	■■■■□□	x									x					
<i>Euphrasia frigida</i>	augnfró	■■■■□□												x	x		
<i>Festuca rubra</i>	túnvingull	■■■■□□	x		x	x	x		x		x	x		x	x		
<i>Festuca vivipara</i>	blávingull	■■■■□□	x						x				x	x			
<i>Galium normanii</i>	hvítmaðra	■■■■□□	x		x	x	x		x	x		x	x	x	x	x	x
<i>Galium verum</i>	gulmaðra	■■■■□□	x		x	x	x	x	x	x		x		x			

1. viðauki frh.

Latneskt heiti	Íslenskt heiti	algengni	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
<i>Gentiana campestris</i>	maríuvöndur	■■■□□□												x			
<i>Hieracium sp.</i>	undafífill	■■■□□□		x			x		x	x		x					x
<i>Hippuris vulgaris</i>	lófótur	■■■□□□												x			
<i>Juncus alpinoarticulatus</i>	mýrasef	■■■□□□										x					
<i>Juncus arcticus</i>	hrossanál	■■■□□□		x		x						x					
<i>Juncus trifidus</i>	móasef	■■■□□□	x		x	x				x			x	x	x	x	
<i>Kobresia myosuroides</i>	þursaskegg	■■■□□□	x		x					x				x	x	x	
<i>Leodonton autumnalis</i>	skarifífill	■■■□□□	x		x		x					x		x	x		x
<i>Luzula multiflora</i>	vallhæra	■■■□□□	x	x		x	x	x	x	x		x		x	x	x	x
<i>Luzula spicata</i>	axhæra	■■■□□□	x		x					x				x	x	x	
<i>Menyanthes trifoliata</i>	horblaðka	■■■□□□	x		x												
<i>Minuartia rubella</i>	melanóra	■■■□□□										x					
<i>Myosotis arvensis</i>	gleym-mér-ei	■■■□□□					x		x	x		x				x	
<i>Myosotis scorpioides</i>	engjamunablóm	slæðingur										x					
<i>Myriophyllum alterniflorum</i>	síkjamarí	■■■□□□						x									
<i>Nardus stricta</i>	finnungur	■■■□□□				x											
<i>Parnassia palustris</i>	mýrasóley	■■■□□□												x	x		
<i>Phleum alpinum</i>	fjallafoxgras	■■■□□□				x						x					
<i>Phleum pratense</i>	vallarfoxgras	■■■□□□									x						
<i>Pinguicula vulgaris</i>	lyfjagras	■■■□□□	x	x	x	x				x		x					x
<i>Plantago maritima</i>	græðisúra	■■■□□□															x
<i>Platanthera hyperborea</i>	friggjargras	■■■□□□	x	x	x	x						x		x			x
<i>Poa alpina</i>	fjallasveifgras	■■■□□□										x					
<i>Poa annua</i>	varpasveifgras	■■■□□□									x						
<i>Poa glauca</i>	blásveifgras	■■■□□□					x						x				
<i>Poa pratensis</i>	vallarsveifgras	■■■□□□	x		x				x	x	x	x					x
<i>Potentilla crantzii</i>	gullmura	■■■□□□	x	x	x			x		x							x
<i>Ranunculus acris</i>	brennisóley	■■■□□□								x		x					x
<i>Ranunculus reptans</i>	flagasóley	■■■□□□												x			
<i>Rhinanthus minor</i>	lokasjóður	■■■□□□	x				x			x		x		x			
<i>Rumex acetosa</i>	túnsúra	■■■□□□					x			x		x	x	x	x		x
<i>Rumex acetosella</i>	hundasúra	■■■□□□	x		x		x		x								
<i>Sagina nodosa</i>	hnúskakrækil	■■■□□□												x	x		
<i>Salix arctica</i>	fjallavíðir	■■■□□□	x	x	x	x									x	x	
<i>Salix herbacea</i>	grasvíðir	■■■□□□	x						x	x		x		x	x		
<i>Salix lanata</i>	loðvíðir	■■■□□□	x	x	x												
<i>Saxifraga cespitosa</i>	þúfusteinbrjótur	■■■□□□								x							
<i>Sedum acre</i>	helluhnoðri	■■■□□											x				
<i>Sedum villosum</i>	flagahnoðri	■■■□□□														x	
<i>Selaginella selaginoides</i>	mosajafni	■■■□□□	x														x
<i>Silene acaulis</i>	lambagras	■■■□□□	x		x	x				x				x	x	x	
<i>Silene uniflora</i>	holurt	■■■□□□			x		x		x				x				
<i>Stellaria media</i>	haugarfi	■■■□□□									x						
<i>Stuckenia filiformis</i>	þráðnykra	■■■□□□						x						x			
<i>Taraxacum sp.</i>	túnfífill	■■■□□□	x		x					x		x			x	x	x
<i>Thalictrum alpinum</i>	brjóstagrass	■■■□□□	x		x	x				x				x	x		
<i>Thymus praecox</i>	blóðberg	■■■□□□	x		x	x	x		x	x		x	x	x	x	x	x
<i>Tofieldia pusilla</i>	sýkigras	■■■□□□	x														

1. viðauki frh.

Latneskt heiti	Íslenskt heiti	algengni	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
<i>Trichophorum cespitosum</i>	mýrafinnungur	■ ■ ■ □ □ □	x		x												
<i>Triglochin palustris</i>	mýrasauðlaukur	■ ■ ■ □ □ □										x					
<i>Trifolium repens</i>	hvítmári	■ ■ ■ □ □ □		x					x	x		x		x	x		
<i>Trisetum triflorum</i>	móalógresi	■ ■ ■ □ □ □												x	x		
<i>Vaccinium myrtillus</i>	aðalbláberjalyng	■ ■ ■ □ □ □			x	x						x					
<i>Vaccinium uliginosum</i>	bláberjalyng	■ ■ ■ □ □ □	x		x	x	x		x	x					x	x	
<i>Veronica serpyllifolia</i>	lækjadepla	■ ■ ■ □ □ □						x									
<i>Viola canina</i>	týsfjóra	■ ■ ■ □ □ □	x														
<i>Viola palustris</i>	mýrfjóra	■ ■ ■ □ □ □	x	x	x			x						x			